

# Kvenna/jafnréttisstyrkir íþróttaráðs

## Viðmið og vinnureglur vegna styrkja til hópíþrótta kvenna

### Markmið

Markmiðið með veitingu styrkjanna er að stuðla að vexti og viðgangi hópíþrótta hjá konum í bæjarfélaginu. Það hefur sýnt sig að fjármagn sem fæst til reksturs hópíþrótta kvenna s.s. styrktarfé er mun lægra en það sem fæst til reksturs hópíþrótta karla. Þennan mun vill íþróttaráð leitast við að jafna.

Íþróttaráð lítur svo á að veiting styrkjanna sé í samræmi við 25. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 en þar segir að sértækar aðgerðir gangi ekki gegn lögnum.

### Viðmið

- Tilgangur styrksins er að styðja við rekstur deilda aðildarfélaganna ÍBA sem taka þátt í Íslandsmóti í hópíþróttum kvenna.
- Úthlutun styrkja er háð fjárhagsáætlun íþróttaráðs hverju sinni.
- Styrkupp hæðir geta verið breytilegar milli ára. Styrkir reiknast á félög m.v. töflu 1 þannig að heildarupp hæð styrkja verði hin sama og áætlun.
- Styrkunum er ætlað félögum sem keppa í efstu deild hverju sinni.
- Fjöldi félaga í deild hefur áhrif á styrkupp hæð sbr. tafla 1.
- Hámarks 100% styrkur skv. töflu 1 er kr. 2.000.000.- á félag.
- Íþróttaráði er heimilt að veita undanþágur frá þessum viðmiðum.
- Ef til þess kemur að veita undanþágu frá þessum viðmiðum þá skulu undanþágustyrkir ekki reiknast af upphaflegri fjárhagsáætlun íþróttaráðs fyrir þessa styrki.

Tafla 1 – Skipting styrkja m.v. fjölda félaga í deild	4-6 félög	7-9 félög	10 félög eða fleiri
Efsta deild	25%**	50%**	100%*

\*Földi styrkumsókna stýrir því hvað 100% styrkur er há upphæð hverju sinni.

\*\* Hlutfall af 100% styrknum

## Vinnureglur

- Umsóknir skulu berast frá formanni/framkvæmdarstjóra deilda/félags.
- Styrkumsóknir skulu hafa borist íþróttaráði fyrir 1. september ár hvert.
- Í umsóknum skal tilgreina:
  - 1) Ósk um styrkuppþæð
  - 2) Fjárhagsáætlun deildar/liðs
  - 3) Fyrirhugaða ráðstöfun styrksins
  - 4) Í hvaða deild félagið keppir og fjöldi félaga (nöfn) í deildinni
  - 5) Annað er málið varðar.
- Forstöðumaður íþróttamála hefur heimild til að afgreiða styrki f.h. íþróttaráðs skv. þessum viðmiðum og vinnureglum í samræmi við fjárhagsáætlun íþróttaráðs til verkefnisins hverju sinni.
- Styrkir eru afgreiddir í september á hverju ári.
- Umsóknir um undanþágustyrki skulu berast íþróttaráði sem tekur erindið fyrir á fundi ráðsins.

***Samþykkt í íþróttaráði 22. maí 2014.***

## Dæmi:

### Dæmi 1.

**3,5 millj. skv. fjárhagsáætlun.** Eitt félag í hverjum flokki sækir um styrk. Fjárhæð í verkið er 3,5 millj. Félagið í 10+ félaga deild fær 2 millj., félagið í 7-9 félaga deild fær 1 millj. og félagið í 4-6 félaga deild fær 500 þús.

### Dæmi 2.

**3,5 millj. skv. fjárhagsáætlun.** 4 félög sækja um styrk. 2 félög sem eru í 10+, 1 félag í 7-9 og 1 félag í 4-6. Félögin í 10+ fá 1.280.000.- hvort, félagið í 7-9 fær 640 þús og félagið í 320 þús. (total 3.520.000)

### Dæmi 3.

**3 millj. skv. fjárhagsáætlun.** 4 félög sækja um styrk. 1 félag í 10+, 2 félög í 7-9 og 1 félag í 4-6. Félagið í 10+ fær 1.340.000, félögin í 7-9 fá 670 þús hvort og félagið í 4-6 fær 335 þús (total 3.015.000)

### Dæmi 4.

**2,5 millj. skv. fjárhagsáætlun.** 5 félög sækja um styrki. 2 félög í 10+, 1 félag í 7-9 og 2 félög í 4-6. Félögin í 10+ fá 840 þús hvort, félagið í 7-9 fær 420 þús og félögin í 4-6 fá 210 þús hvort (total 2.520.000)